

Ár 2006, þriðjudaginn 29. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í málinu nr. S-291/2006:

Ákærvaldið

(Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður)

gegn

Jóhannesi Eggertssyni

(Örn Höskuldsson, hrl.)

svofelldur

### **d ó m u r :**

Mál þetta, sem dómtekið var 5. júlí s.l., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 2. maí sl., á hendur Jóhannesi Eggertssyni, Strandgötu 12, Stokkseyri, „fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa, síðdegis sunnudaginn 19. febrúar 2006, ekið bifreiðinni [...] undir áhrifum áfengis, (vínandamagn í blóði 2,59% og í þvagi yfir 3,1%) vestur Eyrarbraut á Stokkseyri og vestur Gaulverjabæjarveg, uns bifreið ákærða hafnaði utan vegar við Hraunsá.”

Ákærvaldið segir þessa háttsemi ákærða varða við 1. sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987, og krefst þess að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993, 57/1997, 23/1998, 132/2003 og 84/2004.

Verjandi ákærða krefst sýknu og greiðslu málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

### **Málsatvik.**

Síðdegis þann 19. febrúar sl. kl. 16:18 barst lögreglunni á Selfossi tilkynning um að maður hefði ekið út af Gaulverjabæjarvegi við Hraunsá. Tilkynnandi kvað ökumann vera mjög ölvaðan og illt við hann að eiga. Þegar lögregla kom á vettvang sáu lögreglumenn bifreiðina VA 098 sunnan við Gaulverjabæjarveg. Bifreiðin var mannlaus en maður var á vettvangi. Maðurinn reyndist vera Jóhannes Eggertsson, ákærði í þessu máli. Lögreglan talaði við ákærða, sem henni virtist mjög ölvaður. Aðspurður kvaðst hann vera á bifreiðinni VA 098 og var hann þá handtekinn, kl. 16:31, grunaður um ölvun við akstur. Eftir handtöku ákærða skoðaði lögregla bifreiðina og kvaðst hafa séð hálffullan viskípela inni í bifreiðinni og hafi útblástursrör hennar verið heitt viðkomu. Ákærði var færður á lögreglustöðina á Selfossi. Björg Magnúsdóttir læknir kom á lögreglustöðina og tók blóðsýni úr

ákærða kl. 17:23 og aftur kl. 18:23 og þvagsýni kl. 17:35. Einungis fyrra blóðsýnið var rannsakað og reyndist magn alkóhóls í því vera 2,59‰ en magn alkóhóls í þvagsýni mældist yfir 3,1‰.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu eftir dvöl í fangageymslu og lýsti hann sig þá saklausan af því að hafa ekið bifreið ölvaður. Hann kvaðst hafa verið að bíða eftir manni, verið farið að lengja eftir honum og því ekið á móts við hann. Hann kvaðst hafa verið búinn að drekka einn bjór áður en hann lagði af stað. Hann kvaðst ekki hafa ekið lengra en að Hólmsá (svo) þar sem hann kvaðst hafa snúið við og lagt bifreiðinni í vegkantinum. Hann kvaðst þá hafa farið að drekka úr Vodkapela sem hann kvað hafa verið í bifreiðinni og hafi hann setið á steini fyrir utan bifreiðina við drykkjuna. Eftir um hálf tíma drykkju hafi hann ákveðið að aka bifreiðinni ekki til baka heldur fá far á Stokkseyri. Ákærði kvað eina bifreið hafa stöðvað og kvaðst hann hafa sest inn í hana en ökumaðurinn hafi hringt á lögregluna. Hann kvaðst hafa setið í þeirri bifreið þegar hann var handtekinn.

Með bréfi dagsettu 29. júní s.l. óskaði sýslumaðurinn á Selfossi álits rannsóknarstofu Lyfjafræðistofnunar Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði á því hve mikið magn gæti hafa verið í blóði manns um kl. 16:18 miðað við fyrrgreindar niðurstöður úr rannsókn á magni alkóhóls í blóði og þvagi. Var gefið upp að um væri að ræða karlmann á 61. aldursári, sem væri nálægt 180 cm á hæð og 75-80 kg að þyngd. Þá var óskað mats á því hvort líklegt væri að einn Vodkapeli, 375 ml með 40% áfengisinnihaldi skilaði þvílíku ölvunarástandi á 65 mínútum. Svarbréf rannsóknarstofunnar er dagsett 3. júlí s.l. og er undirritað af Kristínu Magnúsdóttur, deildarstjóra og Elísabetu Sólbergsdóttur, lyfjafræðingi. Segir í skýrslunni að niðurstöður úr etanólákvörðun í ofangreindum sýnum bendi til þess að etanólþéttni í blóði viðkomandi hafi náð hámarki og jafnvægi milli blóðs og þvags hafi náðst þegar sýnin voru tekin. Ekki sé hægt að segja til með nákvæmni um etanólstyrk í blóði 65 mínútum fyrir blóðsýnistöku og hafi viðkomandi drukkið einn Vodkapela eftir að akstri lauk sé ekki hægt að reikna með neinni nákvæmni til baka. Gæti etanólstyrkur 80 kg karlmanns eftir slíka drykkju mælst frá 1,6‰-2,8‰ að algjöru hámarki en það tæki lengri tíma að frásogast úr meltingarvegi yfir í blóð en eina klukkustund. Síðan segir í skýrslunni að etanólstyrkur í umræddu þvagsýni sé geysilega hár og útilokað að slíkur styrkur náist á innan við 77 mínútum og miðað við hinn geysimikla etanólstyrk í bæði blóði og sérlega þvagi sé nær fullvíst að umræddur aðili hafi drukkið talsvert áfengi fyrir kl. 16:18 og því verið ölvaður þegar ætlaður ölvunarakstur átti sér stað.

*Framburður ákærða og vitna.*

Ákærði Jóhannes Eggertsson lýsti atburðarás 19. febrúar sl. eftir kl. 14 svo að hann hafi ekið frá heimili sínu til að hitta mann og stoppað við afleggjara við Hraunsá, ekið út af veginum og beðið þar í bifreiðinni. Ökuferðin hafi tekið um fimm mínútur og hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Ástæða þess að hann hafi verið ölvaður við handtöku og töku blóðsýnis hafi verið sú að ósætti hafi verið heima fyrir og ákærði hafi verið í slæmu skapi og því hafi hann ákveðið að fá sér hressingu, en áfengi hafi verið í bílnum. Hann hafi þá drukkið heilan pela af Finlandia vodka og úr viskípela. Ákærði kvaðst aðspurður ekki vera vanur að geyma áfengi í bílnum, en það komi þó fyrir. Ákærði kvaðst ekki muna styrkleika vodkans en hann hafi verið sterkur. Ákærði sagðist hafa byrjað að drekka fljótlega eftir að hann stöðvaði bifreiðina, hann viti þó ekki hvenær því hann hafi ekkert þælt í tímanum. Aðspurður sagðist ákærði hafa farið að heiman um kl. 15 og ekið beint að Hraunsá. Aðspurður hvort hann hafi neytt áfengis fyrir aksturinn kvaðst ákærði hafa fengið sér hálfan til einn 33 cl bjór um hádegisdag, áður en hann lagði af stað, en það væri ekkert til að tala um. Aðspurður hve lengi hann hafi verið að drekka úr vodkapelanum kvaðst ákærði hafa verið snöggur. Aðspurður hvað hann ætti við kvaðst ákærði hafa drukkið stíft. Það hafi svifið skarpt á hann og hann séð að það þýddi ekki að keyra bifreiðina. Hann hafi því ákveðið að röltu heim. Aðspurður um viskípelann sagðist ákærði hafa tekið nokkra góða sopa úr honum í restina áður en hann fór upp á veg, en hann þyrði ekki að fullyrða hve mikið hann hafi drukkið. Aðspurður hvað hann hafi gert við flöskurnar kvaðst ákærði hafa hent vodkapelanum niður fyrir garð en sagðist halda að viskípelinn væri heima hjá honum. Aðspurður hvað hann hafi gert þegar hann var búinn að drekka úr vodkapelanum kvaðst ákærði hafa setið í um klukkutíma í bílnum, en síðan setið í korter til hálf tíma við garðinn, en þá hafi hann farið upp á veg og ætlað að röltu heim. Aðspurður hvað þá hafi gerst svaraði ákærði að bifreið hafi stöðvað, karlmaður hafi verið við stýri sem hann þekki ekki. Hann hafi sest inn í bifreiðina og ökumaður þá spurt hvort hann væri ölvaður. Hann hafi játað því og ökumaður þá sagst ætla að hringja í lögreglu. Hann hafi svarað að það væri ástæðulaust því hann hafi ekki ekið ölvaður en sagst eiga bifreiðina. Lögreglan hafi síðan komið og hann þá verið inni í bifreiðinni. Aðspurður hvers vegna hann hafi við yfirheyrslu lögreglu aðeins greint frá því að hafa drukkið vodka en ekki greint frá því að hafa drukkið neitt annað kvaðst ákærði hafa verið í annarlegu ástandi hjá lögreglu og þá hafi gistingin ekki verið beinlínis glæsileg. Þá kvaðst ákærði ekki muna eftir að hafa verið spurður hvað hann hafi drukkið, en hann muni þetta nú ekki. Þá hafi hann verið í miklu losti allan tímann. Ákærði mótmælir vitnisburði í lögregluskýrslum sem haugalygi óvildarmanna hans. Aðspurður hvers vegna vitnin væru að klekkja á honum svaraði ákærði að hann hafi reynt að gera þessum mönnum greiða en það

hafi snúist upp í andhverfu sína. Honum finnst skrítið að þeir séu einu mennirnir á Stokkseyri sem hlupu til handa og fóta. Ákærði kveður vitnið Guðlaug Rúnar Ásgeirsson ofsækja sig, sem birtist meðal annars í vitnisburði þeirra í málinu. Guðlaugur Rúnar hafi ráðist á hann að bróður Guðlaugs Rúnars viðstöddum með óbótum og skömmum og hótað að flæma hann burt frá Stokkseyri. Þá hafi Guðlaugur Rúnar lamið í bíl hans og reynt að slá til hans. Þetta hafi gerst þegar ákærði hafi reynt að ná sáttum í deilum þeirra. Ákærði kvaðst aðspurður ekki hafa kært þennan atburð. Aðspurður kvaðst ákærði ekki bera neina óvild til Guðlaugs Rúnars. Aðspurður hvort hann þekkti bróður Guðlaugs Rúnars, vitnið Jón Björn Ásgeirsson játaði ákærði því og sagðist ekki bera neina óvild til hans, það væri frekar vinátta. Aðspurður um málaferli milli hans og Guðlaugs Rúnars kvað ákærði þeim hafa lokið með sátt fyrir nokkrum mánuðum.

Ákærði kvaðst aðspurður hafa skilið við bifreiðina fyrir neðan grasið. Bifreiðin hafi ekki vegið salt á vegarbrúninni heldur verið fyrir neðan við garðinn, en vegarslóði sé meðfram garðkantinum. Ákærði kvaðst hafa verið einn heima þegar hann lagði af stað. Vitnið A, [...], hafi stoppað stutt við, einhvern tíma fyrir kl. 15.

*Vitnið Jón H. Jónsson* kvaðst aðspurður eiga rauða Isuzu bifreið. Jón lýsti málsatvikum svo að hann hafi, þegar hann ók að Stokkseyri, séð mann sem gekk á móts við bifreið sem var komin út af og hafi maðurinn verið reikull í spori. Hann hafi stöðvað bifreiðina og maðurinn komið inn í bíl til sín. Hann hafi haldið að maðurinn væri reikull í spori út af slysi, en hann hafi verið kófdrukinn, undir áhrifum áfengis eða einhvers annars. Aðspurður kvaðst Jón hafa hringt í lögregluna, en hann hafi gert það þar sem maðurinn hafi verið í annarlegu ástandi. Jón kvaðst aðspurður hafa haldið að hann gæti látið manninn bíða í bílnum en hann hafi ekki verið sáttur við að hann hringdi, orðið æstur og reynt að ná símanum af sér. Honum hafi þó ekki staðið ógn af manninum. Aðspurður sagðist Jón hafa valið þann kostinn að losa sig við manninn og því beðið hann að fara úr bílnum. Aðspurður um viðbrögð mannsins kvað Jón manninn hafa endað með því að fara. Hann hafi þó ekki ætlað að gera það strax, heldur viljað láta keyra sig heim. Jón kvaðst aðspurður aðeins hafa séð manninn þetta eina skipti. Jón sagði að maðurinn gæti verið ákærði, en hann gæti þó ekki svarið fyrir það. Jón kvaðst ekki hafa séð neina aðra við bifreiðina. Jón taldi þetta hafa gerst um kl. 16 að hann minni. Aðspurður sagðist Jón ekki hafa séð bifreiðina í akstri heldur hafi hún verið utan vegar þegar hann sá hana.

Aðspurður hvort fleiri hafi verið nálægir kvaðst Jón ekki hafa séð neina aðra. Hann hafi þó séð bifreið koma í áttina frá Stokkseyri, en hún hafi keyrt sína leið framhjá þeim. Jón kvaðst halda að það hafi verið annar hvor Garðsbræðranna,

allavega bifreið sem þeir hafi oft verið á. Aðspurður hverjir Garðsbræður væru kvað Jón að það væru Jón Björn og Rúnar og tveir fleiri sem hann viti ekki hvað heiti. Aðspurður sagðist Jón ekki hafa orðið var við hemlaför á veginum en hann hafi ekki gáð að því. Aðspurður hvort hann muni hvernig bifreiðin var staðsett kvað Jón að hún hafi verið aðeins skökk út af veginum, framendinn hafi verið út af fyrir utan veginn en hann muni ekki nákvæmlega hvernig hann sneri.

*Vitnið Jón Björn Ásgeirsson* lýsti málsatvikum svo að hann og Guðlaugur Rúnar Ásgeirsson hafi verið að beygja að Eyrarbraut 24 á Stokkseyri. Þá hafi bifreið komið á frekar góðri siglingu, farið upp á gangstétt og sveigt aftur út á veg og stefnt að bifreið þeirra. Bifreiðin hafi farið hratt fram hjá og keyrt á öfugum vegarhelmingi frá Stokkseyri. Þeir hafi farið í humátt á eftir bifreiðinni. Þeim hafi ekkert litist á blikuna því bifreiðin hafi keyrt á öfugum vegarhelmingi. Þeir hafi séð bifreiðina fljúga út af veginum. Þeir hafi þá keyrt að og séð að bifreiðin hafi verið á réttum kili og að ökumaðurinn hafi verið að reyna að keyra aftur upp á veg. Jón sagði aðspurður að ákærði hafi verið ökumaður bifreiðarinnar. Jón kvaðst aðspurður ekki bera óvildarhug til ákærða og ekki eiga nein samskipti við hann. Aðspurður um hvað hann hafi gert þegar hann sá bifreiðina fara út af kvaðst Jón hafa hringt í lögregluna og tilkynnt að bifreið hafi farið út af vegi og ökumaður væri sennilega ölvaður. Jón kvaðst aðspurður hafa beðið eftir að lögregla kæmi á vettvang. Aðspurður hvort hann hafi séð hvað ákærði gerði eftir að bifreiðin var farin út af veginum, svaraði Jón að hann hafi setið í bílnum í um fimm mínútur og síðan komið upp á veg og ekki staðið í lappirnar. Þeir hafi farið aðeins í humátt á eftir og snúið við. Jón neitaði því aðspurður að ákærði hefði farið niður að sjóvarnargarði og setið við hann. Aðspurður hvort hann hafi séð hvað varð um ákærða þegar hann fór upp á veg kvað Jón að bifreið hafi komið þar að og stöðvað. Ákærði hafi sest inn í bifreiðina en farið út aftur. Jón kvað Guðlaug Rúnar hafa ekið. Aðspurður um tegund bifreiðarinnar svaraði Jón að þetta hafi verið Mercedes Benz.

Jón kvað sér vera kunnugt um deilur milli Guðlaugs Rúnars og ákærða en hann hafi ekki tekið þátt í þeim. Hann hafi verið viðstaddur skjalagerð á veitingastað í Reykjavík og fundið að skjölunum. Ekkert meira hafi þá orðið úr því máli. Aðspurður neitaði Jón að hafa haft bein afskipti af deilunni, hann hafi aðeins spurt út í pappírana. Þá hafi verið hætt við undirskriftir. Hann viti ekki hvernig það hafi farið. Aðspurður hvort hann muni hvernig bifreið það hafi verið sem ákærði settist upp í sagði Jón að það hafi verið rauður jeppi, kannski af gerðinni Nissan. Aðspurður hve langt hafi verið milli bifreiðar þeirra og bifreiðar ákærða kvað Jón það hafa verið um 3-400 metra. Jón kvað ákærða hafa setið inni í bifreiðinni í um fimm mínútur. Aðspurður hvort ákærði hafi verið að reyna að losa bifreiðina allan

tímann svaraði Jón neitandi. Ákærði hafi setið áfram inni í bifreiðinni eftir að hann hafi gefist upp á að losa hana. Jón sagðist ekki hafa séð ákærða drekka inni í bifreiðinni og kvaðst ekki hafa verið í aðstöðu til að sjá það. Jón kvaðst hafa séð á akstursmátanum að ákærði var haugdrukinn, hann myndi ekki keyra svona edrú. Jón kvað það ekki mögulegt að ákærði hafi drukkið þegar hann sat í bílnum án þess að þeir sæju til. Þeir hafi verið það nálægt að þeir hefðu getað fylgst með ákærða allan tímann. Aðspurður játaði Jón þó að það væri mögulegt að ákærði hafi drukkið eitthvað.

*Vitnið Guðlaugur Rúnar Ásgeirsson* lýsti málsatvikum svo að hann hafi verið að beygja að Eyrarbraut 29 á Stokkseyri. Hann hafi séð ákærða svífa yfir hraðahindrun við skólann og stefna að þeirra bifreið og fleiri bifreiðum, hann hafi keyrt upp á gangstétt og aftur inn á veginn. Þeir hafi snúið við og fylgt bifreiðinni eftir til að sjá hvort hann slyppi við þetta. Hann hafi ekið á rangri akrein vestur að Hraunsá og þar hafi hann farið út af veginum og kvaðst hann hafa fylgst með ákærða eftir það. Það hafi ekki liðið mjög langur tími þar til ákærði kom út úr bifreiðinni. Bifreið hafi stöðvað hjá ákærða í kannski þrjár til fjórar mínútur, hann muni ekki alveg hvaða bifreið það hafi verið. Aðspurður hvort honum hafi þótt aksturslag ákærða eftirtektað kvað Guðlaugur ekki annað hægt. Guðlaugur neitaði að bera sérstakan óvildarhug til ákærða. Aðspurður hvort honum hafi komið í hug að ákærði hafi ætlað að ná sér niðri á honum með að stefna á bifreið hans kvað Guðlaugur nei við. Aðspurður hvort hann hafi veitt ákærða athygli vegna undarlegs aksturslags hans kvað Guðlaugur svo vera, aksturslagið hafi ekki verið eðlilegt, ákærði hafi komið svífandi yfir eyju og upp á gangstétt og niður hægra megin. Aðspurður kvað Guðlaugur að sig minnti að þrjár bifreiðar hafi stöðvað hjá ákærða og fylgst með honum þar til lögregla kom á vettvang. Aðspurður kvaðst Guðlaugur hafa hringt í lögreglu ásamt fleirum. Guðlaugur kvað þá hafa beðið þar til lögregla kom. Aðspurður hvort það hafi liðið langur tími þar til þeir hringdu og þar til lögreglan kom neitaði Guðlaugur því, lögreglan hafi verið mjög snögg á vettvang, það hafi liðið fimm til sjö mínútur. Guðlaugur neitaði að hafa séð til ákærða drekka úr flösku eða pela. Aðspurður hvort hann hafi verið í aðstöðu til að geta séð það kvað Guðlaugur svo vera, þeir hafi verið um 500 metra frá bifreiðinni og með kík. Aðspurður staðfesti Guðlaugur að það hafi liðið um þrjár til fjórar mínútur þar til ákærði kom út úr bílnum og um fimm til sjö mínútur þar til lögregla kom á vettvang.

Aðspurður hvort hann gæti útskýrt þau ummæli í lögregluskýrslu að bifreið ákærða hafi snúist nokkra hringi svaraði Guðlaugur að hann hafi snúist á veginum, nánar tiltekið hafi bifreiðin snúist í beygjunni og farið út af. Aðspurður hvort hann hafi átt í deilum við ákærða svaraði Guðlaugur að hann vissi það nú sjálfur. Það

væru allir í deilum við ákærða. Guðlaugur neitaði því að hann hafi reynt einu sinni að slá ákærða og ef ákærði haldi því fram leggi hann fram kæru á ákærða. Hann hafi svarað með orðum, það sé árásin sem hann hafi komið á ákærða. Aðspurður hvaða tilvik hann væri að tala um kvað Guðlaugur ákærða vita það sjálfur.

*Vitnið Olivera Ilic, lögreglumaður, sagðist aðspurð kannast við málið og hafa séð ákærða í málinu. Olivera lýsti aðkomu lögreglu svo að þegar hún og Rúnar Oddgeirsson lögreglumaður komu á vettvang hafi bifreiðin verið utan vegar sunnan megin við veginn og enginn nálægur nema ákærði, sem var örlítið austar við bifreiðina og gekk með veginum í átt að Stokkseyri. Olivera lýsti ástandi ákærða svo að hann hafi verið sýnilega mjög ölvður, reikull í spori og mjög drafandi í tali og óskýrmæltur og ekki haldið alveg samhengi í öllu sem hann sagði. Olivera kvað lögreglu hafa handtekið ákærða. Aðspurð um viðbrögð ákærða við handtöku kvað Olivera að þegar lögreglan hafi stöðvað hafi hann sest beint inn í lögreglubifreiðina og sagt þeim að aka sér heim. Þau hafi ekki viljað gera það og sagt ákærða að hann væri handtekinn grunaður um ölvun við akstur. Ákærði hafi ekki verið ókurteis en sagt fyrst að bifreiðinni hafi verið stolið og hann fundið hana þarna, hann hafi síðan sagst hafa verið farþegi í bifreiðinni og annar keyrt og sá væri farinn, og sagt skömmu síðar að hann hafi sjálfur keyrt og viljað gangast við þessu. Ákærði hafi verið svolítið samhengislaus í tali, þetta hafi verið aðalatriðin sem hægt hafi verið að draga úr. Þau hafi lesið honum réttinn hans og hann hafi sagst skilja þann rétt og verið hinn þrúðasti í alla staði. Aðspurð hvort þau hafi skoðað bifreiðina sagði Olivera að þegar ákærði hafi verið kominn inn í lögreglubifreiðina hafi þau farið aftur að bifreiðinni. Hún hafi beðið inni í lögreglubifreiðinni með ákærða en Rúnar skoðað bifreiðina. Aðspurð hvort bifreiðin hafi litið út fyrir að hafa verið lagt þarna neitaði Olivera því, bifreiðin hafi verið sýnilega út af veginum, þetta hafi ekki verið staðsetning þar sem nokkur maður myndi leggja bifreið sinni. Það væru alveg hreinar línur. Þetta væri mjög svo illa valið bifreiðastæði, vegurinn væri frekar uppstæður þannig að það væri svolítið niður að honum. Engin leið hafi verið að aka burtu, það myndi enginn maður leggja bílnum sínum þarna ef hann ætlaði að komast burt. Aðspurð hvort þau hafi leitað að áfengisumbúðum kvað Olivera Rúnar hafa gert það meðan hún hafi verið með ákærða inni í lögreglubifreiðinni. Aðspurð hvort Rúnar hafi fundið eitthvað sagði Olivera að hann hafi fundið viskípela, hálf fullan, sem hafi verið opnaður og eitthvað verið drukkið úr. Hann hafi verið hjá öðru aftursætinu, á gólfinu fyrir aftan annað framsætið. Aðspurð hvort þau hafi spurt ákærða um tilurð ölvunarástands hans kvað Olivera að þau hafi tilkynnt honum að hann væri handtekinn grunaður um ölvun við akstur og þá hafi ákærði talað um það sem hún hafi nefnt fyrr, fyrst að bílnum hafi verið stolið, svo að einhver annar hafi verið að keyra og síðan hafi hann gengist við að hafa sjálfur*

verið að keyra og viljað sæta sinni ábyrgð. Hann hafi ekki talað sérstaklega um að hafa drukkið eftir að akstri lauk. Aðspurð hvort það hafi fundist einhverjar aðrar umbúðir en viskípelinn sagðist Olivera ekki vita til þess. Aðspurð hvort henni hafi fundist ákærði vera lítið, í meðallagi eða mikið ölvaður, svaraði Olivera mat sitt vera að hann hafi verið mikið drukkinn.

Aðspurð hvort þau hafi leitað að áfengisumbúðum inni í bifreiðinni eða umhverfis hana svaraði Olivera að Rúnar hafi gengið kringum bifreiðina, ekkert langt út frá henni, og svo leitað í bifreiðinni sjálfri. Aðspurð hvar þau hafi spurt ákærða hvort hann vildi verjanda svaraði Olivera að það hafi verið gert strax og hann var handtekinn.

*Vitnið Rúnar Oddgeirsson, lögreglumaður, kvaðst aðspurður kannast við málið og hafa haft afskipti af því. Rúnar kvaðst aðspurður hafa séð ákærða áður og væri hann sá sami og hann hafi haft afskipti af í þessu máli. Rúnar lýsti aðkomu sinni og Oliveru að málinu svo að tilkynnt hafi verið að bifreið hafi farið út af vegi rétt hjá Stokkseyri. Þau hafi keyrt eftir Gaulverjabæjarvegi þar til þau sáu bifreið utan vegar og hafi ákærði verið að ganga í átt að Stokkseyri við brúna við ána, mjög áberandi ölvaður og slagandi. Þau hafi handtekið ákærða og keyrt til baka að bifreiðinni til að athuga hvort hún væri heit. Rúnar lýsti aðkomu að bifreiðinni svo að púströr hennar hafi verið volgt og engir lykklar verið í bifreiðinni. Hálffullur viskípeli hafi verið fyrir aftan annað framsætið, hann muni ekki hvort. Aðspurður hvort hann hafi leitað að áfengisumbúðum utan bifreiðarinnar kvað Rúnar svo vera, hann hafi gengið hring í kring og ekkert fundið. Aðspurður hve langt frá bifreiðinni hann hafi farið kvaðst Rúnar hafa gengið um 15 til 20 metra radíus í kring. Hann hafi ekkert fundið. Rúnar kvað þau hafa gert ákærða grein fyrir að hann væri handtekinn grunaður um ölvun við akstur. Aðspurður hvernig ákærði hafi brugðist við svaraði Rúnar að hann hafi fyrst sagt að einhver annar hafi ekið og hlaupið burt, síðan að hann hafi ekið frá Stokkseyri og fundið að hann væri of drukkinn og þá lagt bílnum úti í kanti, síðan að hann hafi ekki verið að aka. Aðspurður hvort hann telji aðstæður hafa bent til þess að bifreiðinni hafi verið ekið út af til að leggja þar svaraði Rúnar að aðstæður bendi til að bifreiðinni hafi verið ekið út af því hallinn hafi verið slíkur að bifreiðin hafi næstum oltið. Enginn myndi leggja bifreið þannig. Aðspurður hvort ákærði hafi verið kurteis neitaði Rúnar því og kvað hann hafa verið viðskotaillan. Aðspurður hvort ákærði hafi brugðist illa við að vera handtekinn kvað Rúnar hann hafa brugðist frekar illa við. Ekki hafi þó komið til handalögmála, það hafi bara verið orðaskipti. Aðspurður kvað Rúnar lykla bifreiðarinnar hafa fundist við öryggisleit á ákærða á lögreglustöðinni.*

Aðspurður um aðkomu að bifreiðinni og hvernig henni var lagt kvað Rúnar hana hafa snúið eins og hún væri að fara að Stokkseyri. Það sé aflíðandi beygja á

vettvangi og bifreiðin hafi verið við beygjuna og hallað mikið eins og hún hafi farið út úr beygjuni. Aðspurður um ummæli í lögregluskýrslu að bifreiðin hafi nánast vegið salt í vegkantinum svaraði Rúnar að bifreiðin hafi hallað það mikið að hún hafi verið nær því að velta. Rúnar kvað þó bifreiðina hafa staðið í öll fjögur hjól. Rúnar kvaðst aðspurður ekki minnst þess að hafa séð hjólför eða bremsuför á veginum. Aðspurður um atburðarás á lögreglustöðinni kvað Rúnar hafa verið tekið blóð- og þvagsýni úr ákærða. Ákærði hafi verið vistaður að hann minni, því blóðsýni sé tekið með klukkutíma millibili. Aðspurður af hverju seinna blóðsýni hafi ekki verið sent í rannsókn kvaðst Rúnar ekki ráða því hvað sé rannsakað, heldur væntanlega yfirmenn embættisins.

*Vitnið Magnús Kristján Björnsson* kvaðst aðspurður hafa átt samskipti við ákærða þann 19. febrúar 2006. Magnús lýsti málsatvikum svo að hann hafi komið heim til ákærða talsvert fyrir hádegi. Hann hafi verið að hjálpa ákærða við að innrétta baðherbergi og hafi þann dag verið að flísaleggja. Aðspurður kvað hann ákærða sér vitanlega ekki hafa verið drukkinn þá. Magnús kvaðst aðspurður ekki vita upp á mínútu hvenær hann hafi farið en klukkan hafi verið gengin í þrjú. Magnús neitaði aðspurður að ákærði hafi, svo hann yrði var, verið búinn að drekka eitthvað þá. Aðspurður kvaðst Magnús hafa ætlað að koma til baka til að þrifa þegar fúgan væri þornuð. Aðspurður hvort hann hafi farið aftur heim til ákærða kvaðst Magnús hafa komið eftir kvöldmat. Aðspurður hvort hann hafi orðið var við að ákærði sötraði bjór kvað Magnús nei við, ákærði hafi verið að aðstoða hann.

Magnús neitaði aðspurður að hafa orðið var við að ákærði neytti áfengis meðan hann var hjá honum. Magnús kvaðst ekki hafa séð áfengismerki á ákærða. Aðspurður hvort það væri rétt að hann hafi farið frá ákærða þegar klukkan var gengin í þrjú kvað Magnús það rétt vera, hann muni það ekki nákvæmlega en það hafi verið komið yfir klukkan tvö.

*Vitnið A*, [...], skoraðist ekki undan vitnisburði og kvað dóttur sína hafa verið í þössun hjá ákærða og hafi hann komið að sækja hana milli kl. tvö og þrjú eftir hádegi. Aðspurður hvort ákærði hafi þá neytt áfengis eða verið búinn að neyta áfengis neitaði A því. Aðspurður hvort hann hefði séð ef svo væri svaraði A að það væri engin spurning, hann hafi verið í 10 til 15 mínútur að sækja dóttur sína. Hann hafi ekki orðið var við neitt slíkt. Aðspurður hvort ákærði hafi þá verið á heimilinu kvað Ahann hafa verið inni í stofu. Aðspurður kvaðst A hafa sótt bifreiðina að kvöldi 19. febrúar. Aðspurður um aðkomu að bifreiðinni svaraði A að henni hafi verið lagt fyrir neðan veg, sunnan megin við Gaulverjabæjarveg. A neitaði því aðspurður að bifreiðin hafi vegið salt. Henni hafi verið ekið niður sunnan megin við veginn og hún hafi snúið í austurátt eða suðausturátt. Hann hafi keyrt til baka sömu leið upp á veg. Aðspurður hvort hann hafi átt í vandræðum með að keyra upp á veg

kvaðst A hafa þurft að keyra svólítinn spotta lengra til að koma honum upp á veg því það hafi verið mjög bratt þar sem hann var. Aðspurður hvort ummerki hafi sést svaraði A það hafi bara verið bælt gras. A neitaði aðspurður að hafa séð hjólför eða bremsuför á veginum. Aðspurður hvort hann hafi séð hvar af veginum bifreiðinni hafi verið ekið niður svaraði A að það hafi bara verið ein leið til að komast niður. Þetta hafi verið [...] með lága veghæð, það hafi bara verið einn staður sem hægt var að keyra honum niður. Það hafi verið talsvert frá þeim stað þar sem bifreiðin var. A sagðist aðspurður hafa séð einhver hjólför.

Aðspurður hvort hann gæti tímasett það frekar hvenær hann kom heim til ákærða svaraði A að það hafi líklega verið nær þrjú. Hann hafi keyrt úr Reykjavík og stoppað í um korter. Hann haldi að klukkan hafi verið mjög nálægt þrjú þegar hann hafi farið.

Aðspurður kvað A hafa verið nýfarinn þegar hann kom, en hann hafi verið að flísaleggja baðherbergi.

Einnig kom fyrir dóminn vitnið Björg Magnúsdóttir, læknir, en ekki þykir þörf á að rekja framburð hennar.

## **Niðurstaða.**

Í máli þessu er ákærði ákærður fyrir ölvunarakstur með því að hafa ekið undir áhrifum áfengis vestur Eyrarbraut á Stokkseyri og vestur Gaulverjabæjarveg, uns bifreið ákærða hafnaði utan vegar við Hraunsá. Ákærði neitar hins vegar sök og kveðst hafa ekið allsgáður á vettvang, lagt bifreiðinni við Hraunsá og setið þar í um klukkustund og neytt áfengis. Stafi ölvunarástand hans við handtöku af þessari neyslu áfengis eftir að hann hafði lagt bifreiðinni.

Fyrir liggur í málinu framburður lögreglumannanna Oliveru Ilic og Rúnars Oddgeirssonar um að ákærði hafi eftir handtöku viðurkennt að hafa ekið ölsaður en ekki minnst á að hafa drukkið eftir að akstri lauk, og um að púströr bifreiðarinnar hafi verið volgt og engar áfengisumbúðir að finna nálægt henni. Þá liggur fyrir framburður tveggja vitna, Guðlaugs Rúnars Ásgeirssonar og Jóns Björns Ásgeirssonar um aksturslag ákærða. Ber þeim saman um að ákærði hafi ekið hratt, farið upp á gangstétt og sveigt aftur út á veg og stefnt að bifreið þeirra og keyrt á öfugum vegarhelmingi frá Stokkseyri að Hraunsá þar sem bifreið ákærða hafi farið út af veginum. Framburður þeirra fær nokkra stoð í framburði vitnisins Jóns H. Jónssonar sem kveðst hafa séð bifreið keyra fram hjá sem Jón Björn og Rúnar væru oft á. Þá kvaðst Jón Björn hafa séð rauðan jeppa stöðva hjá ákærða, en Jón H. sagðist eiga rauða bifreið. Á hinn bóginn liggur fyrir framburður vitnanna Magnúsar Kristjáns Björnssonar og A. Magnús kveðst hafa verið á heimili ákærða

frá morgni og fram yfir kl. 14 og hafi ákærði ekki verið drukkinn né neytt áfengis. A kveðst hafa komið heim til ákærða nálægt kl. 15 og staldrað við í 10 til 15 mínútur og hafi ákærði ekki verið drukkinn eða neytt áfengis.

Ákærði og Guðlaugur Rúnar hafa borið að þeir hafi átt í deilum sem leiddu til málssóknar Guðlaugs Rúnars gegn ákærða síðastliðið haust. Því máli hafi lokið með sátt. Af framburði Guðlaugs Rúnars þykir mega ráða að hann sé haldinn þykkju í garð ákærða. Að mati dómsins getur það eitt, að ákærði í sakamáli hafi átt í deilum við vitni í málinu eða að vitni máls sé ekki vel við ákærða, ekki rýrt sjálfkrafa sönnunargildi framburðar vitnisins án þess að annað og meira komi til. Framburður Guðlaugs Rúnars er ekki ótrúverðugur og er samhljóða framburði vitnisins Jóns Björns. Framburður þeirra fær auk þess stoð í framburði vitnisins Jóns H. Jónssonar. Að sögn ákærða og Jóns Björns hafa þeir ekki átt í neinum deilum. Þó að vitnin Magnús og A hafi borið að ákærði hafi ekki verið undir áhrifum áfengis þegar þeir höfðu samskipti við ákærða bera bæði vitnin að þau hafi verið farin fyrir kl. 15, en eru ekki viss um tímasetningar. Það er meira en klukkustund fyrir handtöku ákærða, í tilviki Magnúsar meira en einni og hálfri klukkustund áður og í tilviki A nálægt einni og hálfri klukkustund áður. Þá verður að meta sönnunargildi framburðar A í því ljósi að hann er sonur ákærða.

Fyrir liggur í málinu álit Rannsóknarstofu í Lyfja- og eiturefnafræði við Lyfjafræðistofnun Háskóla Íslands. Af hálfu sakflytjenda var þess ekki krafist að álitid yrdi staðfest fyrir dómi og var niðurstaða þess ekki dregin í efa.

Frásögn ákærða af tilkomu ölvunarástands hans er með miklum ólíkindablæ. Þá hefur framburður ákærða fyrir dómi verið nokkuð á reiki. Þannig kvaðst ákærði hafa drukkið vodkapela og koníak, en sagðist síðar hafa mismælt sig og átt við viskípela. Þá sagðist ákærði hafa, eftir að hafa drukkið úr vodkapelanum, gengið upp á veg en breytti síðar frásögn sinni og kvaðst hafa setið við sjóvarnargarð í um korter til hálf tíma. Einnig hefur ákærði borið við að hann hafi setið inni í bifreið þegar lögregla kom á vettvang og handtók hann, en Jón H. hefur borið að hafa vísað ákærða úr bifreið sinni og lögreglumennirnir Olivera og Rúnar hafa greint frá því að ákærði hafi verið á gangi meðfram veginum.

Með hliðsjón af játningu ákærða við handtöku, framburði vitnisins Rúnars Oddgeirssonar um að púströr bifreiðarinnar hafi verið volgt, framburði vitnanna Guðlaugs Rúnars Ásgeirssonar og Jóns Björns Ásgeirssonar um aksturslag ákærða, sem fær stoð í framburði vitnisins Jóns H. Jónssonar, og niðurstöðu álits Rannsóknarstofu í Lyfja- og eiturefnafræði við Lyfjafræðistofnun Háskóla Íslands, verður talið nægilega sannað gegn neitun ákærða að hann hafi síðdegis sunnudaginn 19. febrúar 2006 ekið bifreiðinni VA 098 undir áhrifum áfengis vestur Eyrarbraut á Stokkseyri og vestur Gaulverjabæjarveg, uns bifreið ákærða hafnaði

utan vegar við Hraunsá. Ekki er ekki unnt að hafna þeim framburði ákærða að hann hafi neytt áfengis eftir að akstri lauk. Er því ósannað að vínandamagn í blóði hans hafi farið yfir 2,00‰ og fellur háttsemi ákærða því ekki undir ákvæði 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. 8. gr. laga nr. 84/2004. Að öðru leyti er háttsemi ákærða réttilega færð til refsíákvæða í ákæru og hefur hann með háttsemi sinni unnið sér til refsingar.

### **Ákvörðun refsingar.**

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu svo vitað sé. Telst refsing ákærða hæfilega ákveðin 130.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, sem honum ber að greiða innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins en sæta ella fangelsi í tíu daga. Þá er ákærði sviptur ökurétti í eitt ár frá birtingu dómsins, sbr. 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga.

Sakarkostnaður málsins er 47.784 krónur. Samkvæmt gögnum málsins voru tekin tvö blóðsýni úr ákærða en aðeins fyrra sýnið rannsakað. Verður ákærði því ekki dæmdur til greiðslu kostnaðar við töku síðara sýnisins og dregst sá kostnaður, 16.000 krónur, því frá. Ákærði verður því dæmdur til greiðslu 31.784 króna í sakarkostnað.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða, Arnar Höskuldssonar hrl., þykja hæfilega ákveðin 186.750 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Kostnaður Arnar vegna aksturs nam 15.360 krónum. Samkvæmt 1. mgr. 165. gr., sbr. a-lið 1. mgr. 164. gr., laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu framangreinda málsvarnarlauna og kostnaðar.

Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri, kveður upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist fram yfir lögbundinn frest vegna mikilla embættisanna dómarans.

### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Jóhannes Eggertsson, greiði 130.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, 31.784 krónur og þóknun verjanda síns, Arnar Höskuldssonar hrl., 186.750 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 15.360 krónur vegna aksturs.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.

